

Fundargerð

269. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs Þriðjudaginn 28.maí 2019 kl. 12⁰⁰ –14⁰⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Benedikt S. Benediktsson (BSB) fjarverandi Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Dagbjört V Birgisdóttir (DVB) vm (BSB)
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ) (fjarverandi)
Guðfinnur Johnsen (GJ)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Lúðvík Gústafsson (LG) fjarverandi
Hrefna Jónsdóttir (HJ) vm (LG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Úrvinnslusjóður
- (3) Glerumbúðir
- (4) Rafgeymar í rafdrifnum ökutækjum
- (5) Rekstraráætlun
- (6) Raftækjaútboð Sorpu
- (7) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (268. fundar).

Samþykkt

2. Úrvinnslusjóður

GGÞ fór yfir stöðu mála er varðar skoðun hjá Reikningsskilaráði um lög um opinber fjármál og hvernig tekjur Úrvinnslusjóðs af úrvinnslugjaldi eru birtar og færðar í ríkisbókhaldi fyrir rekstrarárin 2017 og 2018. Engin niðurstaða er kominn en búist er við að hún liggi fyrir innan fárra vikna. GGÞ sagði frá ósk um að stjórn ÚS skrifaði undir ársreikning með fyrirvara, sem hann hafnaði.

3. Glerumbúðir

ÓK fór yfir að á síðasta fundi var lagt fram og fjallað um erindi UAR um að leggja úrvinnslugjald á glerumbúðir sem ekki bera skilagjald.

Hann sagði frá því að helsta flækjustig verkefnisins, eru í tengslum við álagningu úrvinnslugjalds í Tolli á glerumbúðir. ÓK sagði frá því að fyrirhuguð álagning hefur verið kynnt fyrir stórum

GGÞ *ÓK* *BSB*
Bh

innflytjanda og tollayfirvöldum auk þess sem stjórnarmenn atvinnulífsins hafa óskað eftir almennum kynningarfundum um verkefnið. ÓK fór yfir drög að svari til UAR vegna fyrirhugaðrar álagningar. Stjórnarmenn ræddu stöðuna og næstu skref er varðar útfærslu á álagningu í Tolli.

4. Rafgeymar í rafdrifnum farartækjum

Farið var yfir á fundinum að UAR boðaði til fundar með hagsmunaaðilum um rafgeyma í rafdrifnum farartækjum, fyrir í mánuðinum, eins og rætt var um á síðasta fundi. ÓK fór yfir að UAR gerir ráð fyrir að skipa starfshóp til að fara yfir stöðu mála og gera tillögur um næstu skref. Ráðuneytið hefur jafnframt óskað eftir hugmyndum sjóðsins um skipan starfshópsins. Stjórn leggur áherslu á að skipa starfshóp sem fyrst og að tillögum að aðgerðum skilað svo fljótt sem verða má.

5. Rekstraáætlun

Framhaldið var umræðu um rekstraráætlun og tillögur um breytingar á úrvinnslugjaldi. Lagður var fram fundinum vaxtaútreikningur Fjársýslu ríkisins vegna sjóða vöruflokka Úrvinnslusjóðs.

6. Raftækjaútböð Sorpu

Farið var yfir á fundinum að niðurstaða liggur fyrir í útböð Sorpu á móttöku á raftækjaúrgangi sem berst á endurvinnslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu.

ÓK fór yfir málið með hliðsjón af endurgjaldi sjóðsins og úrskurði UAR um greiðslur til sveitarfélaga fyrir geymslu á raftækjaúrgangi. Stjórnarmenn ræddu greiðslur til sveitarfélaga sem er innifaldar í greiðslu til þjónustuaðila vegna meðhöndlunar á raftækjaúrgangi. Einnig endurgjald Úrvinnslusjóðs vegna raftækja í ljósi greiðslu þjónustuaðila til Sorpu. DVB yfirgaf fund 13:45.

7. Önnur mál

Engin

Næsti fundur ákveðinn 25. júní 2019.

Fundi slitið kl. 14.00

Guðm. S. Þórh.
Bruni Þ. Þórh.
Brýndis Guunlaugsd.